

256. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 23. júlí 2014 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Kristjana Hermannsdóttir
Björn H Hilmarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Var svo gengið til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

- 1) **Fundargerð 817. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. júní 2014.**
Lagt fram til kynningar.
- 2) **Bréf frá Parkinsonsamtökunum á Íslandi, ódags., varðandi umsókn um styrk til að halda félagsfund í heimabyggð.**
Samþykkt samhljóða að hafna erindinu.
- 3) **Bréf frá UMF Reyni, dags. 3. júlí 2014, varðandi 80 ára afmæli UMF Reynis á Hellissandi.**
Bæjarráð óskar UMF Reyni til hamingju með afmælið og samþykkti samhljóða að færa ungmenna- félaginu að gjöf kr. 250.000.- til að byggja varamannaskýli á Reynisvelli á Hellissandi.
- 4) **Bréf frá Nordisk Råd, dags. 7. júlí 2014, varðandi boð á verðlaunaafhendingu Nordisk Ráds 2014 í Stokkhólmi 29. október n.k.**
Sveitarfélögin á Snæfellsnesi eru tilnefnd til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs vegna Earth Check verkefnisins og er þeim boðið að senda fulltrúa sinn á verðlaunaafhendinguna.
- 5) **Ályktanir frá 15. þingi Landssambands Slökkviliðs- og Sjúkraflutningamanna 25. – 26. apríl.**
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. júlí 2014, varðandi boðun XXVIII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga dagana 24. til 26. september 2014.**
Lagt fram til kynningar.
- 7) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 10. júlí 2014, varðandi ályktanir 9. fundar sveitarstjórnarvettvangs EFTA um loftslags- og orkumál og málefni norðurslóða.**
Lagt fram til kynningar.
- 8) **Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dags. 12. júní 2014, varðandi fjármálastjórn sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.
- 9) **Lántaka frá Lánasjóði sveitarfélaga, lánasamningur lagður fram á fundinum.**
Eftirfarandi bókun kom fram á fundinum:

„Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 100.000.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna hluta af framkvæmdaáætlun ársins 2014, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Kristni Jónassyni, kt.: 300965-3779, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Snæfellsbæjar að undirrita lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.“

Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir bókunina samhljóða.

10) Minnispunktar bæjarstjóra.

- a) Lúðvík Ver Smáráson hefur tekið til starfa sem forstöðumaður tæknideildar Snæfellsbæjar. Jafnframt hefur Smári Björnsson látið af störfum og þakkar bæjarráð honum fyrir vel unnin störf.
- b) Bæjarstjóri fór yfir framkvæmdir í sundlaug Snæfellsbæjar. Búið er að opna einn pott við laugina.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:35

Kristjana Hermannsdóttir

Björn H Hilmarsson

Fríða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari